



Mennta og barnamálaráðuneyti
Samráðsgátt

Reykjavík, 27. nóvember 2025

Efni: Drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um barnavernd

Reykjavíkurborg fagnar þeim breytingum sem frumvarpsdrögin bera með sér. Telur borgin að þær efnisbreytingar sem frumvarpið felur í sér séu til þess fallnar að styrkja málsmeðferð barnaverndarmála, bæði á stjórnsýslustigi og fyrir dómstólum. Ekki síður er því fagnað sem frumvarpið ber með sér um aukna áherslu á samþætta þjónustu við börn í nærumhverfi þess og í samhengi við almenna félags- og velferðarþjónustu og einnig skólaþjónustu. Þá eru ný lagaákvæði í frumvarpinu um réttindi og skyldur barna í vistunarúrræðum löngu tímabær réttarbót.

Frumvarpið felur í sér viðamiklar breytingar og hefur undirritaðri verið falið að koma á framfæri eftirfarandi ábendingum og athugasemdum fyrir hönd Reykjavíkurborgar.

Athugasemdum og ábendingum er skipti í tvo kafla, annars vegar er um að ræða ýmsar ábendingar eða hugleiðingar um stærstu efnisbreytingar frumvarpsins. Byggja þær ábendingar á víðtæku samráði innan velferðarsviðs og skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur. Hins vegar er um að ræða ábendingar um tiltekin ákvæði sem varða vinnslu barnaverndarmála hjá barnaverndarþjónustu. Byggja þær ábendingar fyrst og fremst á reynslu af framkvæmd mála hjá Barnavernd Reykjavíkur.



I. Almennar athugasemdir

Nýtt Barnaverndarráð og reglugerðir

Reykjavíkurborg er samþykkt þeirri breytingu sem lögð er til um að hverfa frá núverandi Umdæmisráðum yfir í nýtt Barnaverndarráð. Gera má ráð fyrir að úr verði öflug stofnun með mikla sérþekkingu á málefnum barna.

Lögð skal þó áhersla á og lagt til að lögin sjálf kveði á um skyldu ráðsins til að halda fyrirtökur og þannig lögð áhersla á að við fyrirlögn mála sé gert ráð fyrir að foreldrar geti mætt og talað máli sínu. Áratugahefð er fyrir slíkum mætingum hjá barnaverndarnefndum og nú Umdæmisráðum, sem eru að mati Reykjavíkur eru mikilsverð réttindi foreldra sem rétt sé að lögfesta. Í því sambandi er þó rétt að geta þess að mikilvægt er að ráðið sé vel fjármagnað og geti t.a.m. ráðið sérhæft starfsfólk og eftir atvikum farið út á landsbyggðina við fyrirlögn mála þar.

Einnig er ráðinu ætlað nýtt hlutverk sem áður heyrði undir sérfræðingateymi Barna- og fjölskyldustofu varðandi börn með fjölpættar stuðningsþarfir og úrskurðarhlutverk því samfara sbr. 38. gr. frumvarpsins. Þar er kveðið á um að ráðherra setji reglugerð, sem útfra orðalagi má ætla að sé skyldubundið. Hið sama ætti einnig að eiga við um reglugerðarheimild varðandi starfshætti ráðsins í 13. gr. frumvarpsins, þ.e. að ráðherra verði skylt að setja slíka reglugerð enda mikilvægt að skýrt sé kveðið um af hálfu ráðuneytisins um ýmsa þætti varðandi ráðið, t.d. um nánari tilhögun málsmeðferðar, hæfi ráðsmanna og hver fari með eftirlitshlutverk með ráðinu svo eitthvað sé nefnt.

Þá er jafnframt bent á að reglugerðarheimildir eru á 14 stöðum í frumvarpinu. Reykjavík leggur áherslu á nauðsyn þess að reglugerðir verði settar og taki gildi á sama tíma og lögin taka gildi. Á þetta sérstaklega við um reglugerð skv. 73. gr. um gildissvið stjórnarsýslulaga og heimild til reglugerðarsetningar um meðferð máls skv. lögunum. Reykjavík bendir á mikilvægi þess að sett verði ný reglugerð um meðferð mála skv. lögunum, ekki síst m.t.t. þess að með frumvarpinu eru felld úr gildi hin sérstöku málsmeðferðarákvæði núgildandi barnaverndarlaga. Núgildandi reglugerð um málsmeðferð fyrir barnaverndarnefnd er frá árinu 2004 og hefur lítið sem ekkert breyst síðan þá. Hið sama á við um aðrar núgildandi reglugerðir um barnavernd sem eru orðnar gamlar og úreltar og í einhverjum tilvikum hafa reglugerðarheimildir ekki verið nýttar. Þá hafa núgildandi reglugerðir ekki nema að litlu leyti verið uppfærðar í takt við breytingar á barnaverndarlögum eða breytingar á áherslum með tilkomu laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barns.



27.gr. Stuðningsúrræði og 28. gr. Vistunarúrræði

Reykjavík bendir á að rétt sé að minnast á samþættingu með einhverjum hætti í ákvæðinu um stuðningsúrræði sem barnaverndarúrræði. Samþætting máls barns í þágu farsældar þess fellur vel að því sem lýst er í 2. mgr. sem markmiðum stuðningsúrræða og þess sem fram kemur í 21. gr. frumvarpsins um skyldu barnaverndarþjónustu til að leiðbeina foreldrum og barni um rétt til samþættingar.

Í 28. gr. frumvarpsins er stuðningsfjölskylda nefnt sem vistunarúrræði en að mati Reykjavíkur á það úrræði betur heima í ákvæði 27. gr. um stuðningsúrræði. Bent er á markmiðið með stuðningsfjölskyldu er yfirleitt að byggja upp stuðningsnet barns og fjölskyldunnar og einnig léttu álagi af heimili þess. Telur Reykjavík að það samræmist vel þeim markmiðum sem 2. mgr. 27. gr. lýsir um að barnið geti áfram búið á heimili sínu. Að barn dvelji hjá stuðningsfjölskyldu í afmarkaðan tíma með reglubundnum hætti felur ekki í sér vistun þess utan heimilis að mati Reykjavíkur.

Reykjavík bendir jafnframt á að það geti horft til skýrleika í lagaákvæðinu ef vistunarúrræðin í 28. gr. verði afmörkuð eða talin upp í tvennu lagi, annars vegar þau úrræði sem er á ábyrgð ríkisins að veita og hins vegar þau úrræði sem eru á ábyrgð sveitarfélagsins. Um það er fjallað í 100. og 101. gr. frumvarpsins, sem að mati Reykjavíkur þarf betri skýringar við.

Um börn með fjölþættar stuðningsþarfir og samspil nýrra laga um barnavernd við lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018

Reykjavík tekur undir þær meginforsendur sem fjallað er um í almennum athugasemdum í frumvarpinu um þörf fyrir aukna þjónustu við börn sem teljast eiga við fjölþættan vanda eða eru með *fjölþættar stuðningsþarfir* eins og það er orðað í frumvarpinu. Þá telur Reykjavík að skilgreiningin sem fram kemur í 3. tölul. 3. gr. frumvarpsins sé góð og nái að fanga þann hóp sem henni er ætlað að ná utan um.

Af hálfu velferðarsviðs Reykjavíkurborgar er þó lýst yfir áhyggjum vegna þess flækjustigs sem væntanlega er fyrirséð varðandi það hvaða börn falli undir hina nýju skilgreiningu sem frumvarpið ber með sér annars vegar og hinsvegar undir þá skilgreiningu sem lög nr. 38/2018 bera með sér. Að mati Reykjavíkur er nauðsynlegt að fjalla nánar um það í frumvarpinu, hvort sem er í lagatexta eða lögskýringargögnum, hvernig fram fari í upphafi máls mat á því hvort barn teljist falla undir hina nýju skilgreiningu, hver sé ferill slíks mats og hver beri ábyrgð á því. Á það ekki síst við í þeim tilvikum þegar um er að ræða börn sem fram til



þessa hafi fallið undir IV. kafla laga nr. 38/2018. Vísast um þetta til 114. gr. frumvarpsins sem m.a. breytir 20. og 21. gr. laga nr. 38/2018.

Það virðist vera uppleggið í frumvarpinu að þau börn sem eru í þörf fyrir búsetu eða vistun utan heimilis á grundvelli laga nr. 38/2018 eigi ekki rétt á þeim úrræðum sem vísað er til í frumvarpinu og hinu nýja Barnaverndarráði er ætlað að úrskurða um. Rétt er að benda á að mörg langveik börn og börn sem þurfa umfangsmikla umönnun vegna fötlunar/sjúkdóma/taugaraskana þurfa jafnframt sértæka þjónustu sem ætla má að fá sveitarfélög hafi burði til að veita. Fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu að uppbygging stuðningsúrræða sem lúta að vistun eða búsetu barna utan heimilis þurfi að vera á einni hendi og áréttað mikilvægi þess að sá hópur sem hafi þörf fyrir mestu þjónustuna séu þjónustuð af einum aðila, þ.e. ríkinu, og þannig fáið samfelld yfirsýn yfir helstu úrræði, bætt og skipulögð nýting þeirra, sem og möguleikar á aukinni sérhæfingu við uppbyggingu fjölbreyttra úrræða.

Ábending Reykjavíkur lýtur þannig að því að með núverandi framsetningu eru óljós skil á milli þess hvenær barn er í þörf fyrir búsetu eða vistun utan heimilis á grundvelli laga nr. 38/2018 (þroska og geðraskanir) eða á grundvelli laga um barnavernd (fjölpættar stuðningsparfir). Slíkt mat er samkvæmt frumvarpinu sett fyrst í hendur *sveitarfélags*, svo í framhaldi í hendur *barnaverndarþjónustu* og að lokum í hendur þeirrar þjónustu sem fer með málefni sveitarfélags á grundvelli laga nr. 38/2018, sem í daglegu tali myndi nefnast *fötlunarþjónusta* en hjá velferðarsviði Reykjavíkur falla þau börn undir hatt Ráðgjafarþjónustu barna og fjölskyldumála.

Fyrirséð er að ýmis vandkvæði geti komið upp í framkvæmd hvað þetta varðar, ekki síst í því tilliti sem áður en minnst á, þ.e. að ekki er kveðið á um hvernig slíkt mat fari fram í öndverðu og hver beri ábyrgð á því mati, heldur einvörðungu vísað til þess að *sveitarfélag* fari með slíkt mat sem eftir atvikum vísi málinu áfram til barnaverndarþjónustunnar.

Ef ætlunin er að börnin sem falli undir lög 38/2018 geti átt rétt á úrræðum sem hið nýja frumvarp ber með sér og eigi þar með einnig að falla undir skilgreiningu þess um börn með fjölpættar stuðningsparfir þá þarf það að koma skýrt fram í frumvarpinu sjálfu eða lögskýringargögnum og þá einnig heimild félagsþjónustu sveitarfélaganna til að leggja mál þeirra barna fyrir ráðið og óska úrskurðar um vistun í úrræði á grundvelli c – liðar 28. gr. frumvarpsins, án þess að barnaverndarþjónustan komi þar að, enda þurfa ávallt að koma til barnaverndarsjónarmið við tilkynningu til barnaverndarþjónustu, þ.e. þau sjónarmið sem kalla á tilkynningu fagaðila til barnaverndar skv. 8. gr., sbr. 7. gr. frumvarpsins.



Ljóst má vera að börn með fjölþættar stuðningsþarfir í skilningi frumvarpsins geta einnig komið til könnunar og meðferðar hjá barnaverndarþjónustu án þess að hafa nokkurn tímann komið við sögu hjá félagsþjónustu sveitarfélagsins sem fer með málefni fatlaðra barna og fjölskyldna þeirra. Færi þá um mál slíkra barna skv. hefðbundnum leiðum frumvarpsins og núgilandi laga, þ.e. tilkynning frá fagaðila eða öðrum, ákvörðun um könnun og eftir atvikum í framhaldi meðferð með beitingu stuðningsúrræða og/eða vistun.

Um samþættingu þjónustu og samspil nýrra laga um barnavernd við lög nr. 86/2021 um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna og við lög um grunnskóla nr. 91/2008.

Reykjavík fagnar þeim breytingum sem frumvarpið ber með sér varðandi aukna áherslu á samþættingu í þágu farsældar barns. Einnig er fagnað þeim auknu heimildum sem barnaverndarþjónustum er veitt varðandi samstarf við aðra þjónustuveitendur og öflun og miðlun upplýsinga í þeim tilgangi að auka samstarf.

Því er sérstaklega fagnað að í 25. gr. frumvarpsins er núverandi meðferðaráætlunum skv. barnaverndarlögum breytt í stuðningsáætlanir, sem samræmist vel áherslum laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna og leysir úr töluverðum vandkvæðum sem verið hafa í framkvæmd hvað þetta varðar.

Hjá Reykjavík hefur verið öflugt samstarf milli þjónustuveitenda borgarinnar í þágu barna undir verkefninu Betri Borg fyrir Börn (BBB) og hefur mikil vinna verið lögð í að útbúa og skerpa samræmda verkferla þegar mál barna fara á *milli þjónustustiga* innan borgarinnar, má þar nefna t.a.m. verkferla varðandi flutning ábyrgðar á samþættingu máls milli þjónustustiga, breyttu verklagi barnaverndar með eða án samþættingar og flæði mála upp og niður þjónustustigin (þ.e. frá 1. til 3. þjónustustigs og svo öfugt, frá 3. til 1. þjónustustigs). Í ferlunum er lögð áhersla á, að ef mál er í samþættingu, fer flutningur ábyrgðar á samþættingu málsins í gegnum stuðningsteymi barns sem vinnur eftir tímasettri stuðningsáætlun.

Það skal þó bent á að þörf er á að skerpa á því í 26. gr. frumvarpsins hvernig mál skuli færast frá barnaverndarþjónustum til annarra þjónustuveitenda við lokun máls eftir meðferð, án tillits til samþættingar. Að mati Reykjavíkur er rétt að fastar sé kveðið á um það í hinni nýju 26. gr. að barnið eigi ávallt rétt á að njóta áframhaldandi og samfelldrar þjónustu hjá öðrum þjónustuveitendum við lokun máls hjá barnaverndarþjónustu, óháð því hvort um sé að ræða lok eftir könnun, meðferð eða vegna þess að barnið hefur náð 18 ára aldri og einnig óháð því hvort mál barns hafi verið unnið í samþættingu.



Með vísan í áherslu frumvarpsins á samþættingu þjónustu í þágu farsældar barns og beitingu úrræða í nærumhverfi þess vill Reykjavík benda á að þörf er á breytingu á 19. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 varðandi undantekningarlausa tilkynningarskyldu skólastjórnenda þegar misbrestur verður á skólasókn barns.

Tekið er fram í ákvæðinu að skólastjóri skuli leita lausna og taka ákvörðun um úrbætur ef slíkur misbrestur verður, en að jafnframt skuli hann tilkynna barnaverndarþjónustu um málið. Að mati Reykjavíkur þarf fyrsti málsliðurinn að vera óbreyttur enda mikilvægt að mál vegna skólasóknar sé unnið í nærumhverfi og á 1. þjónustustigi. Á hinn bóginn væri rétt að afnema hina undantekningarlausu skyldu til tilkynningar, enda samræmist slík skylda ekki þeim meginsjónarmiðum sem áhersla er lögð á í hinu nýja frumvarpi um samþættingu þjónustu og snemmtæka íhlutun. Tilkynningarskylda skólastjórnenda hlýtur ávallt að fara eftir 8. gr. sbr. 7. gr. hins nýja frumvarps, rétt eins og á við um annað fagfólk sem starfar með börnum.

Er því lagt til að fyrrgreindri 19. gr. grunnskólalaga verði breytt á þann veg að hin undantekningarlausa tilkynningarskylda vegna misbrests á skólasókn verði afnumin en í stað hennar verði skerpt á tilkynningarskyldu skólastjórnenda um tilefni tilkynninga á grundvelli 8. gr., sbr. 7. gr. hins nýja frumvarps. Mikilvægt er þó að áfram verði lögð áhersla á að skólastjóri skuli leita lausna og taka ákvörðun um úrbætur innan skólans og e.a. í samstarfi við aðra þjónustuveitendur á 1. og 2. stigi.

Um börn hér á landi án forsjáraðila og samspil við lög um útlendinga nr. 80/2016.

Reykjavík tekur undir þær breytingar sem 71. og 72. gr. frumvarpsins ber með sér um breytingu á aðkomu barnaverndarþjónustu ef barn er hér á landi án forsjáraðila og fastrar búsetu sbr. 71. gr. frumvarpsins eða er án forsjáraðila og fær heimild til dvalar skv. 72. gr. Breytingar þessar eru góðar og mikil réttarbót, bæði fyrir framkvæmd mála hjá barnaverndarþjónustum og einnig fyrir þau börn sem eru í þeim aðstæðum sem hér um ræðir.

Í 114. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á 31. gr. laga nr. 80/2016 um útlendinga sem ekki eru gerðar sérstakar athugasemdir við. Reykjavík vill þó benda á að samspil á milli laga um barnavernd og 33. gr. laga um útlendinga er ekki til umfjöllunar í frumvarpinu. Beiting þess ákvæðis, sem fjallar um þjónustu sem umsækjendur um alþjóðlega vernd eigi rétt á og eftir atvikum niðurfelling á slíkri þjónustu og réttindum þegar útlendingur hefur fengið endanlega synjun á umsókn sinni, hefur valdið vandkvæðum þegar meta þarf hvort barnaverndarsjónarmið eigi við um fjölskyldur í þeirri stöðu sem ákvæðið lýsir. Er



það lagt í hendur ráðuneytisins að meta hvort þörf sé á skerpingu varðandi skyldur barnaverndarþjónustu í þeim aðstæðum sem 33. gr. útlendingalaga á við um og hvernig ákvæði um réttindi barna og skyldur barnaverndarþjónustu skv. 4. gr. og 6.gr. frumvarpsins skuli þá beitt.

Um hugtakið umsjá og um fósturkafla frumvarpsins (VII.kafli)

Ekki verður hjá því komist að benda á að í frumvarpinu kemur hugtakið umsjá fyrir alls 22 sinnum í lagatextanum. Þrátt fyrir það er hvergi að finna í frumvarpinu skilgreiningu á hugtakinu. Einnig verður ekki hjá því komist að benda á að litlar breytingar eru gerðar á núverandi fósturkafla barnaverndarlaga, þrátt fyrir skýrt ákall um það á undanförunum árum frá barnaverndarþjónustum. Fram kemur í almennum athugasemdum frumvarpsins að ástæða sé til að taka þessi atriði og fleiri til frekari skoðunar á komandi árum, en það sé ekki metið tímabært að leggja fram frekari breytingar að svo stöddu.

Reykjavík vill koma þeirri ábendingu fram við ráðuneytið að það teljist brýnt að taka til skoðunar hugtakið umsjá í lögum um barnavernd og skilgreina það. Á það ekki síst við m.t.t. þess hvað felist í hugtakinu þegar barnaverndarþjónusta er talin taka við *umsjá* við vistun utan heimilis. Lengi hefur ákall um það af hendi Barnaverndar Reykjavíkur að það komi fram í lögum eða í það minnsta í lögskýringargögnum hvaða heimildir eru til staðar fyrir ákvarðanatöku um hagi barns þegar barnaverndarþjónusta fer með *umsjá*.

Hvað varðar fósturkaflann þá vill Reykjavík jafnframt koma þeirri ábendingu til ráðuneytisins að afar brýnt sé að taka þann kafla til heildarendurskoðunar, ekki síst með tilliti til nýlegra dóma Mannréttindadómstóls Evrópu um að ávallt skuli með vistun utan heimilis og fóstri stefna að fjölskyldusameiningu. Slík sjónarmið fara ekki vel saman með markmiði varanlegs fósturs eins og áratuga ef ekki aldagömul venja er fyrir hér á landi. Sú breyting í fósturkaflanum sem þó er lögð til og varðar ákvarðanatöku um umgengni meðan á vistun eða fóstri stendur telur Reykjavík að sé af hinu góða. Er nánar fjallað um það í kafla II síðar í umsögn þessari.

VI. kafli frumvarpsins um réttindi og skyldur í vistunarúrræðum

Sem fyrr segir fagnar Reykjavík þeim viðbótum við lög um barnavernd sem kaflinn ber með sér, enda er um löngu tímabæra réttarbót að ræða sem samræmist vel áherslum frumvarpsins um réttindi barna en er einnig samhljóða alþjóðaskuldbindingum og réttarvitund almennings.



Rétt er þó að benda á að fyrirséð er að það verði vandkvæðum bundið fyrir barn að bera ákvörðun um takmörkun á ferðafrelsi og samskiptum við aðra skv. 51. gr. frumvarpsins undir dómara, eins og 58. gr., sbr. 79. gr. frumvarpsins bera með sér.

Samkvæmt 51. og 58. gr. frumvarpsins má forstöðumaður taka ákvörðun um takmörkun á ferðafrelsi eða samskiptum sem gildi í allt að 14 daga í senn. Útilokað er að barn fái úrlausn um slíka ákvörðun innan þess tíma frá dómara, en málsmeðferð eins og 79. gr. frumvarpsins (núgildandi XI.kafli barnaverndarlaga) ber með sér tekur alla jafna um 6 – 8 vikur. Ráðstöfunin sem kærð verður til dómstóls mun því aldrei fá efnismeðferð því hún verður úr gildi fallin þegar dómari tekur hana til úrskurðar og þar með hefur aðili þess ekki lengur lögvarða hagsmuni af því að fá úr henni skorið. Verður afdrif málsins í framhaldi það að því er vísað frá dómi.

Reykjavík vill því beina þeirri ábendingu til ráðuneytisins að e.t.v. væri rétt að veita forstöðumönnum sambærilega heimild til ákvörðunar um takmörkun á ferðafrelsi og samskiptum eins og barnaverndarþjónustur hafa til neyðarráðstöfunar skv. 42. gr. frumvarpsins. Á þeim grunni gæti forstöðumaður tekið slíka ákvörðun sem gildi í allt að 14 daga, eða eftir atvikum 21 dag sbr. umfjöllun um tímalengd neyðarráðstöfun síðar í umsögn þessari. Telji forstöðumaður að tilefni sé til að slík takmörkun standi til lengri tíma en neyðarráðstöfunin segir til um verði hann að leggja málið fyrir hið nýja Barnaverndarráð og fá heimild til þess með úrskurði. Leggi forstöðumaður málið ekki fyrir ráðið fellur ráðstöfunin úr gildi eftir þann dagafjölda sem ráðstöfunin sagði til um eða eftir skemmri tíma skv. mati hans.

Slíkan úrskurð verði svo hægt að kæra til dóms líkt og um vistun utan heimilis sé að ræða en bent skal á að þá verði að kveða á um að það sé ríkið sem rekstraraðili meðferðarúrræðisins sem eigi varnaraðild að slíku dómsmáli en ekki barnaverndarþjónustan.

- II. Athugasemdir og ábendingar við einstaka lagagreinar frumvarpsins sem varða vinnslu barnaverndarmála hjá barnaverndarþjónustum

4. og 6. gr Réttindi barna og skyldur barnaverndaryfirvalda

Í núgildandi 1. mgr. 4. gr. bvl sem kveður á um meginreglur í barnaverndarstarfi segir; *Í barnaverndarstarfi skal beita þeim ráðstöfunum sem ætla má að barni séu fyrir bestu. Hagsmunir barna skulu ávallt hafðir í fyrirrúmi í starfsemi*



barnaverndaryfirvalda. Í frumvarpinu er svipaður texti í 2. mgr. 4. gr. undir yfirskriftinni *Réttindi barns*.

Sjónarmiðið um að eingöngu skuli beita þeim ráðstöfunum sem barni er fyrir bestu þarf að mati Reykjavíkur að vera í öndvegi þegar fjallað er um skyldur barnaverndaryfirvalda enda einskorðast það sjónarmið ekki við réttindi barna. Þá er sjónarmiðið um *það sem barni er fyrir bestu* mikilvægt lögskýringarsjónarmið sem gjarnan er vísað til í dómum og úrskurðum þegar fjallað er um vinnslu mála hjá barnaverndaryfirvöldum og félagsþjónustu. Á það bæði við um innlenda dóma og úrskurði og dóma Mannréttindadómstóls Evrópu.

Er því lagt til að 1. mgr. 6. gr. í nýjum lögum verði samhljóða núgildandi 1. mgr. 4. gr.

Þeirri ábendingu er einnig beint til ráðuneytisins um hvort að rétt sé að kveðið verði á um rétt barns til þátttöku í stuðningsteymi í 4. gr. frumvarpsins, þegar samþætting er í máli barnsins. Telja má að það samræmist vel áherslu frumvarpsins og sérstaklega orðalags 4. gr. frumvarpsins að kveðið verði sérstaklega á um rétt barns til þátttöku í stuðningsteyminu að teknu tilliti til aldurs þess og þroska.

18. gr. Valdsvið barnaverndarþjónustu

Ákvæðið er samhljóða núgildandi 1. mgr. 15. gr. barnaverndarlaga en tekið er fram í athugasemdum við 18. gr. frumvarpsins að hugtakið föst búseta skuli túlkað þannig að lögheimili barna ráði því hvaða barnaverndarþjónusta fari með málið, sbr. 1. mgr. 2. gr. laga um lögheimili og aðsetur nr. 80/2018.

Rétt er að benda á að sú lögskýring samræmist ekki núverandi framkvæmd eða túlkun á hugtakinu föst búseta í núgildandi 1. mgr. 15. gr. barnaverndarlaga. Hefur hugtakið þvert á móti verið túlkað svo að um sé að ræða þann stað þar sem barn raunverulega býr og/eða nýtur þjónustu eins og leikskóla, skóla, heilsugæslu o.s.frv. sbr. umfjöllun í frumvarpi með fyrrnefndri 15. gr. Þá skal bent á úrskurð kærunefndar barnaverndarmála (nú úrskurðarnefndar velferðarmála) í máli nr. 215/2017 þar sem fram kemur sú afstaða að það tryggi best meðferð barnaverndarmála að barnaverndarþjónusta í því umdæmi þar sem barn raunverulega býr fari með mál þess. Að öðrum kosti sé hætta á barnaverndarstarf náí ekki markmiði sínu eða tryggi hagsmuni barna.

Með þeim skýringum sem fram koma í athugasemdum með ákvæðinu er því verið að hverfa frá núverandi framkvæmd. Barnavernd Reykjavíkur telur ekki rétt að hverfa frá núverandi framkvæmd en ef það er afstaða ráðuneytisins að slík



breyting sé hagfelld telur Reykjavík að rétt sé að rökstyðja það sérstaklega í athugasemdum með ákvæðinu.

Þá verður ekki séð að það sé til bóta fyrir framkvæmd og ákvarðanatöku vegna mögulegs ágreinings um hjá hvaða barnaverndarþjónustu mál skuli unnið að flytja slíkt úrskurðarvald frá BOFS til ráðuneytis. Að mati Reykjavíkur fer slíkt úrskurðarvald vel samhliða almennt leiðbeiningarskyldu BOFS gagnvart barnaverndarþjónustum. Þá skal bent á að gjarnan er töluverðir flýtir í meðferðum mála hjá barnaverndarþjónustum og má ætla að BOFS sé í góðri aðstöðu til að taka afstöðu, hafa milligöngu um sáttafund eða önnur samskipti og í framhaldi úrskurða um mál af þessu tagi fljótt og vel, eins og raunar stofnunin hefur gert hingað til. Væntanlega er fyrirséð að málsmeðferð hjá ráðuneytinu gæti tekið langan tíma og verið þung í vöfum og slík lagabreyting því engin réttarbót, hvorki fyrir börnin sem um ræðir né barnaverndarþjónusturnar.

20. gr. Upphaf barnaverndarmáls

Reykjavík bendir á að í hinu nýja ákvæði er felld út skylda barnaverndarþjónustu til að senda forsjáraðila tilkynningu ef ákveðið er að aðhafast ekki á grundvelli tilkynningar, sbr. nágildandi 4. mgr. 21. gr. Í því ákvæði er kveðið á um skyldu til að tilkynna foreldrum um að tilkynning hafi borist og um ákvörðun í tilefni af henni.

Þó það myndi horfa til verulegs vinnusparnaðar hjá Barnavernd Reykjavíkur ef ekki þyrfti lengur að senda út bréf til forsjáraðila ef ákvörðun lýtur að því að hefja ekki könnun, þá verður ekki hjá því komist að benda á mikilvægi þess að forsjáraðilar séu upplýstir um að tilkynning hafi borist um aðstæður eða líðan barna þeirra til barnaverndarþjónustu, þó að niðurstaða þjónustunnar sé að aðhafast ekki af því tilefni. Hefur Barnavernd Reykjavíkur jafnframt litið svo á að slík bréf séu órjúfanlegur hluti af leiðbeiningarskyldu stofnunarinnar sem og rétti foreldra til að fá upplýsingar um aðstæður og líðan barns síns.

Ekki er að finna sérstakan rökstuðning um það í frumvarpinu hvers vegna ákvæðinu er breytt á þann veg að einvörðungu skuli senda tilkynningu til forsjáraðila ef ákveðið er að hefja könnun, en ekki ef ákvörðunin er á hinn veginn. Ef það er afstaða ráðuneytisins að breyta skuli frá núverandi framkvæmd telur Reykjavík að rétt sé að rökstyðja það sérstaklega í athugasemdum með ákvæðinu.

Í 3. mgr. hins nýja ákvæðis er svo kveðið á um skyldu barnaverndarþjónustu til að upplýsa fagaðila sem tilkynnir um þá ákvörðun sína að aðhafast ekki á grundvelli tilkynningarinnar. Það hlýtur að teljast einkennileg stjórnsýsluframkvæmd ef slíkur fagaðili sendir tilkynningu og fær upplýsingar um



að afdrif hennar séu að barnaverndarþjónustan ætli ekki að aðhafast, en forsjáraðilarnir fái engar slíkar upplýsingar.

Hvað varðar slíka upplýsingagjöf til fagaðila sem tilkynna á grundvelli 8. gr. frumvarpsins vill Reykjavík koma á framfæri þeirri ábendingu að betur færi á því að í 3. mgr. 20. gr. nýrra laga komi fram heimild, en ekki skylda, fyrir barnaverndarþjónustu að upplýsa tilkynnanda um þá ákvörðun að hefja ekki könnun. Heimildin gæti þá e.t.v. verið tengd við það að *rík barnaverndarsjónarmið mæli með* því að slíkar upplýsingar séu veittar, eins og tekið er fram í því nýmæli sem fram kemur í 2. mgr. 93. gr. frumvarpsins um heimild barnaverndarþjónustu til að láta fagaðilum í té upplýsingar og gögn. Með því móti yrði gott samræmi á milli þessa tveggja ákvæða í nýjum lögum.

Að mati Reykjavíkur er heimild til slíkrar upplýsingargjafar almennt til hagsbóta fyrir barnið og nærumhverfi þess. Auk þess hafa slíkir aðilar sem og barnaverndarþjónustur kallað eftir heimild sem þessari til lengri tíma.

Gera ráð fyrir að heimild þessi verði nýtt til að barnaverndarþjónusta geti upplýst helstu samstarfsaðila sína um ákvörðun um að hefja ekki könnun, s.s. leikskóla, skóla, félagsþjónustu og aðrar stofnanir sem starfa að málefnum barna innan sama sveitarfélags og þá ekki síst ef samþætting þjónustu er til staðar. Síður yrði heimildin notuð til að senda tilkynningu t.d. til lögreglu eða heilbrigðisyfirvalda sem e.t.v. hafa einungis afmarkaða eða staka aðkomu að málefni barns.

22. gr. Markmið og framkvæmd könnunar

Reykjavík bendir á að í lokamálslið 2. mgr. ákvæðisins er tekið upp óbreytt frá núgildandi 4. mgr. 43. gr. barnaverndarlaga það orðalag að barnaverndarþjónustum sé ekki heimilt að fara inn á heimili barns til könnunar á höfum þess nema fyrir liggi samþykki foreldris eða dómsúrskurður.

Ábendingin lýtur að því að barnaverndarþjónustur hafa engar heimildir á grundvelli barnaverndarlaga til að afla dómsúrskurðar um inngöngu á heimili. Í framkvæmd hjá Barnavernd Reykjavíkur hefur innganga á heimili í óþökk foreldris til að t.d. kanna hagi barns og ræða við það, fjarlægja barn af heimili eða tryggja öryggi þess með öðrum hætti, byggst á ákvörðun um beitingu neyðarráðstöfunar skv. 31. gr. núgildandi barnaverndarlaga, sem er svo fullnustuð í samræmi við 50. gr. laganna, e.a. með aðstoð lögreglu. Í framhaldinu fer svo fram málsmeðferð í samræmi við það ákvæði. Það væri því í samræmi við núverandi framkvæmd að orðalag ákvæðisins væri „*að fyrir liggi samþykki foreldris eða að neyðarráðstöfun skv. 42. gr. hafi verið beitt.*“



26. gr. Lok máls

Bent er á að í ákvæðinu kemur ekki fram sú skylda barnaverndarþjónustu að tilkynna forsjáraðilum um lok máls í kjölfar könnunar, en tekið er fram að um kæranlega ákvörðun sé að ræða. Lítur ábending að því að e.t.v. væri rétt að vísa í ákvæði stjórnsýslulaga eða með öðrum hætti skýra betur skyldur barnaverndarþjónustu um tilkynningu ákvörðunar til forsjáraðila og framkvæmd þess.

Jafnframt má benda á að í 2. mgr. 26. gr. frumvarpsins er kveðið á um að ef um mál sé að ræða sem hófst með tilkynningu fagaðila skuli *að jafnaði* upplýsa tilkynnanda um lok þess. Er hér ítrekuð sú ábending sem fram kemur að framan í umfjöllun um 20. gr. frumvarpsins, um að samræmis verði gætt í lagabálkinum og það færi því vel á því að um heimild verði að ræða sem byggji á mati á því að *rík barnaverndarsjónarmið mæli með* slíkri upplýsingagjöf.

30. gr. Úrskurðir um vistun utan heimilis.

Bent er á að það hefur verið vandkvæðum bundið að leysa úr málum fyrir dómstólum þegar Umdæmisráð hefur kveðið á um fjögurra mánaða vistun utan heimilis skv. núgildandi 27. gr. barnaverndarlaga þegar jafnframt er í sama úrskurði kveðið á um heimild til að höfða mál til forsjárviptingar skv. núgildandi 29. gr.

Úrskurður um vistun utan heimilis í fjóra mánuði er kæranlegur til dóms og er kærufrestur 4 vikur, sbr. 2. mgr. 27. gr. núgildandi laga. Mál til forsjárviptingar með heimild frá Umdæmisráði skv. 29. gr. þarf að höfða innan sex vikna sbr. 4. mgr. 49. gr. Málsmeðferðir samkvæmt þessum ákvæðum eru ólíkar og erfitt um vik og raunar ómögulegt að sameina málin. Verður þá gjarnan úr að tvö mál eru rekin samhliða með tilheyrandi flækjustigi. Að mati Reykjavíkur þarf annaðhvort að afnema kæruheimild skv. 27. gr. þegar jafnframt er kveðið á um sviptingu eða að til verði heimild til að sameina málin með einhverjum hætti og úrskurður um lögmæti vistunar þá kveðinn upp sem hluti af forsjárviptingarmálinu.

31. gr. Forsjárvipting.

Að mati Reykjavíkur er ekki að rétt að fella niður lokamálslið d-liðar núgildandi 29. gr. um að heimild til forsjárviptingar geti byggst á því að breytni foreldra sé líkleg til að valda barni alvarlegum skaða. Sá málsliður hefur ítrekað verið notaður í framkvæmd og grípur í raun önnur atvik en a-liðurinn gerir sem og d-liðurinn eins og hann er nú í frumvarpinu. Breytni foreldra kemur oft til skoðunar og mats við sviptingu og gefur jafnframt nokkuð svigrúm til mats af hálfu



barnaverndarþjónustu og úrskurðaraðila og gefur þannig til kynna að a - d liðir séu ekki að telja með tæmandi hætti þau atvik sem leitt geti til forsjársviptingar.

Er því talið nauðsynlegt að þessi málsliður haldist inni sem hluti af d-lið hinnar nýju 31. gr. og leggur Reykjavík til að sá staflíður hljóði svo : *fullvíst að líkamlegri eða andlegri heilsu barns eða proska þess sé hætta búin sökum þess að foreldrar eru augljóslega vanhæfir til að fara með forsjána eða að breytni foreldra sé líkleg til að valda barni alvarlegum skaða.*

33. – 35. gr. Réttarstaða foreldra þegar barn er vistað utan heimilis eða þegar forsjársvipting á sér stað

Ákvæðin í frumvarpinu eru óbreytt frá því sem er í núgildandi 67.gr. a – c barnaverndarlaga. Vísað er í fyrri umfjöllum hvað varðar hugtakið *umsjá*, en í öllum ákvæðunum er hugtakið notað og einnig er notað orðalagið að foreldri *afsali sér umsjá*.

Í reynd er aldrei um það að ræða að ákvæði 67. gr. a – c komi til framkvæmda með þeim hætti að foreldri *afsali sér umsjá barns*, heldur miklu fremur að barn sé vistað utan heimilis með eða án samþykkis forsjárforeldris. Í ákvæðum 33. – 35. gr. frumvarpsins er vísað til þess að ákvæðin gildi þegar foreldri afsali sér umsjá skv. 3. mgr. 28. gr. frumvarpsins, en í því ákvæði er orðið umsjá aldrei notað, heldur er verið að fjalla um það þegar barn vistast utan heimilis með samþykki forsjárforeldris. Horfir það því til betra samræmis innan frumvarpsins að nota hugtakið *vistun utan heimilis*, fremur en *umsjá* í þessum ákvæðum.

39. gr. Stuðnings og vistunarúrræði eftir 18 ára aldur

Reykjavík fagnar þeirri breytingu sem ákvæðið felur í sér og þeirri auknu áherslu sem frumvarpið ber með sér um skyldu barnaverndarþjónustu í samstarfi við félagsþjónustu viðkomandi sveitarfélags til að tryggja samfellda þjónustu við barn fram yfir 18 ára aldur og inn á fullorðinsár, sé slík þörf til staðar. Einnig er tekið undir að enn sé þó þörf fyrir að lögfest sé áfram núverandi heimild til að vista barn áfram í vistunarúrræði barnaverndarþjónustu samkvæmt barnaverndarlögum til 20 ára aldurs með samþykki barns/ungmennis.

Þeirri ábendingu er þó eigi að síður komið á framfæri að orðalagið í ákvæðinu mætti vera skýrar um það að meginreglan verði sú að barn skuli færast yfir í fullorðinsþjónustu sveitarfélags við 18 ára aldur, nema ef komist verði að þeirri niðurstöðu að fullorðinsúrræði henti ekki og þá sé barnaverndarþjónustu heimilt að meta þarfir fyrir frekari vistunarúrræði á grundvelli barnaverndarlaga.



Á þetta við um fyrsta málslið 2. mgr. ákvæðisins og er lagt er til að það orðist þannig;

Ef stuðningsþarfir barns eru þess eðlis að ekki sé talið að þjónusta á grundvelli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga uppfylli þarfir barns og barn er í vistun við 18 ára aldur þess, ber barnaverndarþjónustu eigi síðar en þremur mánuðum áður en barn verður 18 ára að meta þarfir barnsins fyrir frekari vistunarúrræði skv. lögum þessum.

Ekki er gerð athugasemd við orðlag annars og þriðja málsliðar 2. mgr. í framhaldi nema að því leyti að Barnavernd Reykjavíkur telur að fella eigi niður kæruheimild ef ákveðið er að veita ekki vistunarúrræði áfram á grundvelli barnaverndarlaga. Eftir því sem best verður vitað hefur slík kæruheimild sjaldan eða aldrei verið nýtt og auk þess er heimildin til að vista barn áfram háð samvinnu milli þjónustunnar og ungmennisins.

Að lokum má benda á og raunar taka undir það sem fram kemur í almennum athugasemdum með frumvarpinu, að þjónusta við ungmenni með fjölþættar stuðningsþarfir þurfi að vera samvinnuverkefni barnaverndarkerfis og félagsþjónustu til 25 ára aldurs. Til staðar er þörf á úrræðum af hálfu bæði sveitarfélaga og ríkis fyrir þann aldurshóp. Rannsóknir hafa sýnt að þessi hópur ungmenna er útsettur fyrir miklum félagslegum vanda á fullorðinsárum, s.s. heimilisleysi, en þétt utanumhald allt til 25 ára aldurs hefur sýnt sig erlendis að minnki þann vanda.

42. gr. Neyðarráðstafanir

Ákvæðið um beitingu neyðarráðstafana er að mestu óbreytt frá núgildandi lögum, orðalaginu er þó breytt lítillega. Ábending Reykjavíkur lýtur að því að e.t.v. væri rétt að skoða hvort færa ætti tímamark þess að ný ákvörðun eða úrskurður liggja fyrir varðandi framhald málsins í 21 dag úr 14 dögum.

Barnavernd Reykjavíkur hefur ítrekað bent á að 14 dagar eftir ákvörðun um beitingu neyðarráðstöfunar sé of knappur tími til að ná samvinnu við foreldri eftir að neyðarráðstöfun hefur verið beitt og jafnframt að það náist að leggja mál fyrir Umdæmisráð ef slík samvinna næst ekki, þannig að úrskurður verði kveðinn upp innan þess sama tíma.

Reynslan hefur sýnt að jafnan tekur það töluverðan tíma fyrir foreldra „að lenda“ eftir slíkt inngrip sem neyðarráðstöfun er og auk þess þarf félagsráðgjafi með málið að ná til þeirra, veita ráðgjöf, ákveða framhald málsins á meðferðarfundi, hlúa að barni og e.a. finna því vistunarstað. Það eru því mörg handtök og úrræði sem þurfa að virkjast strax. Hagsmunir bæði foreldra og barns liggja í því að



samvinna náist milli þeirra og barnaverndarþjónustunnar. Reynslan hefur sýnt að til þess þarf alla jafna meira en örfáa daga, sem er sá tímarammi sem lögin gefa nú og lagt er til í frumvarpinu að verði áfram óbreytt.

Það er vert að benda einnig á að þegar sett voru ný heildarlög um lögræði árið 1997 var tími nauðungarvistunar skv. ákvörðun sýslumanns (þá ráðuneytis) færður úr 15 dögum í 21 dag. Sú breyting var gerð við vinnslu frumvarpsins hjá Alþingi og rökin fyrir slíkri aukningu voru þau að geðlæknar bentu á að 21 dagar væri sá lágmarkstími sem þyrfti til að ná samvinnu við fólk og auk þess sem 15 dagar væru ekki nægilegur til að lyf færu að sýna virkni. Það gæti því horft til samræmis í lagaframkvæmd varðandi heimild til inngrips af hálfu yfirvalda af þessum toga að tímafrestir í barnaverndarlögum samræmist lögræðislögum.

43. gr. Endurskoðun ráðstafana

Ákvæðið er samhljóða núverandi 34. gr. barnaverndarlaga. Barnavernd Reykjavíkur og Borgarlögmaður hafa ítrekað bent á vankanta á ákvæðinu og telur Reykjavík því þörf fyrir breytingu á ákvæðinu.

Orðalag ákvæðisins gerir ráð fyrir að endurskoðun ráðstafana fari fram *fyrir dómi* en í athugasemdum með frumvarpi því sem varð að núgildandi lögum nr. 80/2002 er ítrekað vísað til heimilda „barnaverndarnefndar“ í því sambandi. Ekki er því skýrt í núgildandi lögum hvaða heimildir barnaverndarþjónustur hafa til endurskoðun ráðstafana og ótækt að sú óvissa berist áfram yfir í nýtt frumvarp.

Ábendingar Reykjavíkur lúta m.a. að því að ákvæðið þarf að bera með sér skýra heimild barnaverndarþjónustunnar til að endurskoða ráðstafanir og þá í framhaldi færa forsjá aftur til foreldris ef þjónustan metur það svo að það sé barni fyrir bestu og að önnur skilyrði ákvæðisins séu uppfyllt. Í því sambandi er bent á að e.t.v. sé rétt sé að orða ákvæðið með þeim hætti að ef barnaverndarþjónusta neitar um endurskoðun ráðstafana þá sé í framhaldi hægt að bera málið undir dóm.

Varðandi aðild fósturforeldra þá kemur fram í ákvæðinu að þeim skuli stefnt *ef það á við*, en hvergi er að finna í lögskýringargögnum hvenær slíkt getur átt við og hvenær ekki. Það þarf að vera skýrt hvort stefna eigi fósturforeldrum eða ekki og ef svo er, þá telur Reykjavík að fósturforeldrar sem verða aðilar slíks dómsmáls ættu að eiga rétt á gjafsókn óháð efnahag.

Reykjavík bendir jafnframt á að nokkuð hefur borið á því að mál séu höfðuð til endurskoðunar ráðstafana um leið og 12 mánaða tímamarkið er liðið, en án þess að nokkur gögn séu lögð fram til stuðnings kröfu um endurskoðun. Er þá ætlunin að kveða til matsmann til að meta forsjárhæfni með tilheyrandi kostnaði, annaðhvort fyrir barnaverndarþjónustuna eða fyrir ríkið í gegnum gjafsókn.



Þannig er nauðsynlegt að kveða á um að sönnunarbyrðin fyrir því að 3. mgr. ákvæðisins sé uppfyllt hvíli á þeim sem gerir kröfuna og að leggja verði fram slík gögn við þingfestingu en að þeirra sé ekki einvörðungu aflað undir rekstri málsins.

Jafnframt er bent á að 12 mánaða tímamarkið er að mati Reykjavíkur of knappt, og rétt væri að miða við 24 mánuði. Taka þarf tillit til réttinda barnsins til stöðugleika í nýjum aðstæðum í þeim efnum. Þá hefur að mati Reykjavíkur það aldrei verið skýrt í orðlagi ákvæðisins hvort hið sama gildi um endurskoðun eftir afsal forsjár jafnt og eftir forsjárviptingu með dómi, sbr. núgildandi orðalag 3. mgr. 34. gr.

46. gr. Umgengni í vistunarúrræði

Lagt er til að 3. mgr. ákvæðisins kveði á um að það sé í höndum forstöðumanns þess úrræðis sem barnið dvelur í að ná samkomulagi varðandi umgengni við upphaf dvalar, að teknu tilliti til þeirra reglna sem gilda í úrræðinu. Í framhaldi væri hægt að kveða á um það að ef slíkt samkomulag næðist ekki tæki barnaverndarþjónustan ákvörðun, sem þá er kæranleg til úrskurðarnefndar velferðarmála.

48. gr. Réttur barns til menntunar

Lagt er til að ákvæðið taki jafnframt til frístundaþjónustu.

64. gr. Réttindi barns í fóstri.

Lagt er til að felld verði niður skylda til að láta umgengni fara fram skv. 67. gr. í öllum tilvikum. Nánar tiltekið telur Reykjavík að fella eigi niður skyldu til þess að umgengni fari fram skv. 67. gr. þegar forsjá flyst til foreldris til samræmis við 33 – 36. gr. frumvarpsins.

Eins og fram kemur í öðrum málslið 2. mgr. ákvæðisins metur barnaverndarþjónustan þörf barns fyrir áframhaldandi stuðning ef foreldri tekur við umsjá eða forsjá barns skv. þeim ákvæðum. Í framkvæmd hefur það margsinnis komið fyrir að hvorki börn né foreldrar þurfi á slíkum stuðningi að halda, en engu að síður þarf að halda barnaverndarmálinu opnu þar sem ákveða þarf um fyrirkomulag umgengni. Réttast væri að loka barnaverndarmálum í slíkum tilvikum þegar foreldrið sem er með barnið hjá sér fer með forsjánnu skv. ákvörðun barnaverndarþjónustunnar. Myndi þá fara með umgengni barnanna við hitt foreldrið skv. barnalögum.



67. gr. Umgengni í fóstri

Reykjavík fagnar þeirri breytingu sem ákvæðið ber með sér um að barnaverndarþjónusta taki ákvarðanir um umgengni og að slíkar ákvarðanir séu ekki undir hinu nýja Barnaverndarráði. Þörf er á að slíkar ákvarðanir, t.a.m. í tímabundnu fóstri, geti verið teknar hratt og komist til framkvæmda hratt, en jafnframt að kæruleiðin gangi hratt fyrir sig.

Varðandi umgengni í varanlegu fóstri bendir Reykjavík á að ákvæðið ber ekki með sér hvaða tími þurfi að líða á milli endurskoðunar á umgengni, en í núgildandi 74. gr. er kveðið á um að 12 mánuðir verði að líða hið skemmsta, en ekkert er fjallað um það í athugasemdum við ákvæðið hvers vegna það tímamark er fellt niður.

Að mati Reykjavíkur er afar mikilvægt að slíkar skorður séu settar við endurskoðun þegar um varanlegt fóstur er að ræða, m.t.t. réttinda barns til stöðugleika og þörf þess til að aðlagast fósturfjölskyldunni. Það hefur jafnframt lengi verið skoðun Barnaverndar Reykjavíkur að þörf sé á því að auka við þann tíma sem þarf að líða milli endurskoðunar um umgengni og sé hið minnsta 18 mánuðir, en heppilegt tímamark væri 24 mánuðir.

75. gr. Þátttaka barns

Í lokamálslið 2. mgr. 75. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að barn 15 ára og eldra eigi rétt bæði á talsmanni og lögmanni við meðferð máls. Verður að telja að slíkt horfi til vandkvæða að vera með tvo mismunandi aðila í þessu hlutverki á sama tíma, enda er hlutverk lögmanns annars vegar og hlutverk talsmanns þegar kemur að þvingunarráðstöfunum gagnvart barni 15 ára og eldri eitt og hið sama.

Einnig bendir Reykjavík á að skilyrðislaus skylda til skipunar talsmanns þegar kemur að þvingunarráðstöfunum geti jafnframt horft til vandkvæða, en í núgildandi 46. gr. barnaverndarlaga er orðalagið *að jafnaði* notað um skipun talsmanns. Ekki verður séð hvert hlutverk talsmanns er t.d. fyrir ómálga barn, sér í lagi m.t.t. ákvæða 76. gr. frumvarpsins um að talsmaður eigi að ræða við barn og koma sjónarmiðum þess á framfæri en ekki leggja sjálfstætt mat á þarfir þess. Reykjavík leggur því til að ákvæði þetta verði rýnt betur, en að mati Barnaverndar Reykjavíkur er ekki þörf á breytingum á núgildandi 3. mgr. 46. gr.

77. gr. Fjárstyrkur vegna aðstoðar lögmanns

Reykjavík er ósammála þeirri rýmkun á greiðslum fyrir lögmannsaðstoð sem frumvarpið virðist bera með sér, þannig að það nái jafnframt til lögmannsaðstoðar við meðferð máls hjá barnaverndarþjónustunni óháð því hvort til standi að leggja



málið til úrskurðar hjá hinu nýja Barnaverndarráði. Það hefur sýnt sig við vinnslu mála hjá Barnavernd Reykjavíkur að aðstoð lögmanns við almenna málavinnslu, án þess að til standi að beita þvingunarúrræðum, hefur horft til flækjustigs, minni vilja foreldra til samvinnu og tortryggni í garð þjónustunnar við málavinnsluna. Verður að telja að slík rýmkun gæti talist sjálfstæður hvati til þess að leita lögmannsaðstoðar um leið og barnaverndarmál hefst og jafnframt í tilvikum þar sem lögmannsaðstoðar er alla jafna ekki þörf. Slík heimild myndi jafnframt fela í sér verulega aukinn kostnað af hálfu sveitarfélaga vegna aðstoðar lögmanns.

Er lagt til að ákvæði núgildandi 2. mgr. 47. gr. standi óbreytt og fjárstyrkur nái þannig einvörðungu til lögmannsaðstoðar í tenglum við rekstur máls hjá hinu nýja Barnaverndarráði og fyrir úrskurðarnefnd velferðarmála.

Hvað varðar nýmælið um greiðslur vegna lögmannsaðstoðar við endurskoðun ráðstafana þá skal bent á að Barnavernd Reykjavíkur hefur aldrei greitt fyrir slíka aðstoð, enda hefur vinnsla slíkra mála hjá þjónustunni ekki kallað á lögmannsaðstoð. Þegar slík mál rata fyrir dóm getur stefnandi átt rétt á gjafsókn skv. ákvæðum þar um til greiðslu lögmannskostnaðar.

83. gr. Sérákvæði um meðferð mála skv. 30. gr. og a-lið 1. mgr. 51. gr.

Bent er á að e.t.v. sé rétt að greina á milli málsmeðferðar fyrir dómi þegar kemur að kæru á ákvörðun um 4 mánaða vistun og hins vegar málshöfðun á grundvelli heimildar til að ráðstöfun vari lengur en fjóra mánuði. Þegar um er að ræða kæru á ákvörðun um 4 mánaða vistun snýr málsmeðferð fyrir dómi að því hvort sú ákvörðun hafi verið forsvaranleg, málsmeðferðarreglur uppfylltar af hálfu barnaverndarþjónustu o.s.frv. og dómkrafan getur því einvörðungu verið að úrskurður verði felldur úr gildi. Ekki verður séð að tilefni til gagnaöflunar sé mikið, hvað þá að tækt sé að veita frekari fresti til gagnaöflunar eins og ákvæðið segir til um. Málsmeðferð um áframhaldandi vistun er hins vegar á öðrum forsendum og dómkröfur eru aðrar.

Varðandi málsmeðferð skv. nýjum a-lið 1. mgr. 51. gr. vísast til þess sem fram kemur í fyrri kafla umsagnar þessarar.

87. gr. Gjafsókn

Lagt er til að ákvæði þetta verði endurskoðað enda er það að mati Reykjavíkur óskýrt. Svo virðist sem ekki sé gert ráð fyrir gjafsókn þegar um er að ræða mál skv. 30. gr. frumvarpsins. Þá er vísað til fyrri athugasemdar varðandi skyldubundna gjafsókn fyrir fósturforeldra varðandi dómsmál um endurskoðun ráðstafana.



89. gr. Samstarf milli barnaverndaryfirvalda

Reykjavík er samþykkt þeim nýmælum sem ákvæði þetta ber með sér og á það við um allan XI. kafla. Það skal þó bent á að bæta mætti við skýrri heimild til að deila gögnum og/eða afla upplýsinga milli barnaverndaryfirvalda og annarra félagsmálayfirvalda innan sama sveitarfélags, mæli barnaverndarsjónarmið með því. E.t.v. gæti hið nýja ákvæði 93. gr. frumvarpsins talist ná yfir slík tilvik, en að mati Reykjavíkur væri rétt að skerpa á heimild til slíkrar upplýsingagjafar í þessu ákvæði, enda myndi það samræmast markmiðum frumvarpsins um að stuðla að auknu samstarf milli þjónustustiga og þjónustukerfa í kringum börn, ekki síst með tilliti til samþættingar í þágu farsældar barna.

93. gr. Upplýsingaskylda gagnvart barnaverndarþjónustu.

Reykjavík er samþykkt þeim breytingum sem fram koma í þessu ákvæði frumvarpsins. Sérstaklega er fagnað að búið er að bæta við upptalningu frá núgildandi 44. gr. um útlendingayfirvöld og sýslumann en bent er á að rétt væri jafnframt að bæta dómstólum við þá upptalningu, en nokkur vandkvæði hafa verið á því í framkvæmd að fá upplýsingar þaðan við vinnslu barnaverndarmála. Þá mætti jafnframt nefna að Þjóðskrá hefur ítrekað neitað Barnavernd Reykjavíkur um gjaldfríar upplýsingar, t.d. um forsjársögu eða lögheimilissögu barns. Þá má einnig benda á að sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmenn hafa neitað Barnavernd Reykjavíkur um vinnslu vottorðs án endurgjalds.

Hvað varðar það nýmæli að barnaverndarþjónusta geti látið viðkomandi stofnunum upplýsingar í té er bent á að e.t.v. væri rétt að kveða á í lögskýringargögnum hvernig form slíkra ákvarðana ætti að vera og skerpa á hvernig slíkt mat fari fram og hvort um væri að ræða stjórnvaldsákvörðun sem beri að skrá.

102. gr. framfærsluskylda

Í frumvarpinu er ákvæðið talið sambærilegt núgildandi 89. gr. barnaverndarlaga. Bent er á felld er niður ákvæði 3. mgr. 89. gr. um að foreldri sem hefur verið svipt forsjá sé ekki skylt að framfæra það. Engin skýring er gefin á því í frumvarpinu hvort og þá hvernig sé ætlunin að fari með framfærsluskyldu foreldra barns sem lýtur ekki lengur forsjá þeirra og hefur verið ráðstafað verið í varanlegt fóstur.

Barnavernd Reykjavíkur hefur lengi bent á að rétt sé að framfærsluskylda beggja foreldra falli niður við ráðstöfun barns í varanlegt fóstur, hvort sem foreldrið hefur verið svipt forsjá, það afsalað sér forsjá eða þegar um það er að ræða að foreldri



hafi aldrei haft forsjá þess. Samkvæmt 69. gr. frumvarpsins, sem er samhljóða nógildandi 75. gr. barnaverndarlaga, ber sveitarfélag sem ráðstafar barni í fóstur ábyrgð á framfærslu þess. Ekkert samræmi er milli þess fyrirkomulags og að foreldri í þeirri stöðu að barn þess sé vistað varanlega utan heimilis sé enn framfærsluskýlt við það. Öðru máli gildir um tímabundið fóstur eða aðra skemmri vistun utan heimilis, sem og vistun skv. 67. gr. a – c skv. nógildandi lögum.

104. gr. Eftirlit með sýningum og skemmtunum

Lagt er til að ákvæði þetta verði felld brott úr barnaverndarlögum. Slíkar almennar eftirlitsheimildir falla ekki vel að hlutverki barnaverndarþjónustu.

Benda má á að með lögum nr. 107/2021 var þágildandi 35. gr. barnaverndarlaga felld út gildi. Sú grein sagði til um beitingu úrræða og eftirlitsskyldu barnaverndaryfirvalda gagnvart þeim sem vinna með börnum. Röksemdin fyrir því að fella niður heimildirnar sbr. athugasemdir í frumvarpi með lögunum er að könnun barnaverndarnefndar á framferði starfsmanna í starfi falli ekki vel að þeirri málsmeðferð sem lög gera ráð fyrir í barnaverndarmálum.

105. gr. Útivistartími barna

Í drögum að frumvarpi er lagt til að útivistartíminn yfir vetur verði til kl. 20, 21 eða 22 og á sumrin 22 eða 24 og er hér lagt til að útivistartíminn verði lengdur um klukkutíma á veturna fyrir miðstigið.

Bent er á að mikilvægt er að reglur um útivistartíma barna þurfa að vera skýrar. Reykjavíkurborg telur að þessi breyting sé ekki til þess fallin að vera með skýrar reglur, heldur flækir þetta skilaboðin til foreldra og barna. Þá er ávinningurinn af þessari breytingu ekki augljós. Bent er á að ráðlagður svefn fyrir 6-12 ára er sá sami, eða 10 klst (sjá t.d. hér: <https://www.heilsuvera.is/efnisflokkar/svefn-og-hvild/svefn-og-uppeldi/svefn-6-12-ara/> og nýlega er búið að stytta opnunartíma félagsmiðstöðva í Reykjavík úr kl. 22 í 21:45 til að lengja svefn unglínganna.

Einnig er bent á að enn er miðað við 1. maí - 1. september sem sumartíma en tímabilið mætti mögulega fylgja betur skólaárinu, þ.e. að lengja útivistartímann frá 1. júní - 1. september frekar en að lengja hann frá 1. maí sem var kannski eðlilegt að hafa þegar skólum var lokið um miðjan maí. Í greinargerð kemur fram um 4. mgr. að reglurnar eigi við um börn þar til í júní þegar 5. bekk grunnskóla lýkur. Í reglunum er miðað við breytingar þann 1. maí og 1. september. Þarna er misræmi í reglum og greinargerð.



Að lokum er á það bent að í drögum að frumvarpi er ekki vikið að fjárhagslegum áhrifum á sveitarfélög og ekki liggur fyrir slíkt mat til samræmis við kröfu þar um í 2. mgr. 129. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Er gert ráð fyrir að úr því verði bætt áður en frumvarpið verður lagt fyrir Alþingi.

Með vísan til alls framangreinds leggur Reykjavík til að frumvarpið verði skoðað betur. Undirrituð er reiðubúin að veita nánari upplýsingar og/eða mæta á fund hjá ráðuneytinu til að fylgja eftir þessari umsögn sé þess óskað

Virðingarfyllst,
f.h. Reykjavíkurborgar

Þyrí Steingrímsdóttir
skrifstofustjóri Barnaverndar Reykjavíkur
(undirritað rafrænt)